

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 195/2015****2017/EES/3/21****frá 10. júlí 2015****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (endursamin) ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2012/19/ESB fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 32fa (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32012 L 0019**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeinda-búnaðarúrgang (endursamin) (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2012/19/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.